

Borgarstjórn Reykjavíkur
27. febrúar 2024

**Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja
opnunartíma í félagsmiðstöðvum og aukið samráð við ungmenni**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að lengja kvöldopnunartíma í félagsmiðstöðvum frá 1. janúar 2025 og að viðhafa samráð við ungmennaráð framvegis þegar kemur að breytingum sem varða frístundastarf unglinga.

Greinargerð

Ungmennaráðið leggur til að opnunartímar félagsmiðstöðva á kvöldin verði aftur lengdur um korter alla virka daga frá kl. 21:45 til 22:00 á kvöldin. Auk þess að opnunartími allra félagsmiðstöðva á föstudagskvöldum verði til 22:30. Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um styttingu opnunartíma félagsmiðstöðva var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 11. maí 2023 til þess að hagræða í starfi félagsmiðstöðva. Hinsvegar var þessi ákvörðun ekki tekin í samráði við ungmenni eða ungmennaráð og áætlaður sparnaður var nokkuð rýr. Tillagan snýr að því að þessi ákvörðun verði tekin tilbaka auk þess að opnunartími verði lengdur á föstudögum.